

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð, nr. 129 22. febrúar 2000.

#### 1. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990 með síðari breytingum, sbr. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998“ í 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar kemur: reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002, með síðari breytingum, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykktar nr. 263 um umgengni og þrífnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlands.

#### 2. gr.

11. gr. samþykktarinnar breytist þannig:

a. Í stað orðanna „lögum nr. 46/1991.“ í 1. mgr. kemur: lögum nr. 103/2002.

b. 2. mgr. orðast svo:

Um hunda- og kattahald fer eftir samþykktum sveitarfélagsins um það efni, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

#### 3. gr.

Við 16. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkjagerðar má aðeins framkvæma með sérstöku samþykki lögreglustjóra og bera bæði verkstjóri og sá sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sé gætt. Þegar ætla má að sprengivinna geti valdið íbúum í nálægri byggð ónæði skal gera þeim viðvart.

#### 4. gr.

Við 18. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á almannafæri, nema í þar til gerð ílát. Enginn má fleygja rusli eða öðru þess háttar á lóð annars manns. Hver, sem það gerir, skal flytja óhreinindin tafarlaust á brott á sinn kostnað.

#### 5. gr.

Við 19. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Byggingar sem reistar eru til skamms tíma til dæmis vegna kvikmyndagerðar, hátíðarhalda og fleira á að fjarlægja þegar notkun er lokið.

#### 6. gr.

Við 21. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ökuhraða skal ávallt stilla svo, að eigi valdi hættu eða óþægindum fyrir aðra umferð. Hámarkshraði vélknúinna ökutækja í bæjarfélaginu ákvarðast af almennum ákvæðum umferðarlaga og auglýsingu um umferð í Hornafirði, samþykktri í bæjarstjórn Hornafjarðar 15. júní 1995 og í bæjarráði Hornafjarðar 21. júní 1995.

## 7. gr.

Við 21. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Bannað er að tjalda innan bæjarmarka Hafnar, nema á þar til merktum svæðum. Bannað er að leggja húsbílum í þeim tilgangi að gista í þeim nema á þar til merktum svæðum.

## 8. gr.

Við 27. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ekki má gera rennibrautir, renna sér á skíðum, hjólaskautum, hjólabrettum, skautum og sleðum eða iðka leiki, skemmtanir eða íþróttir þannig að hætta eða umferðartruflun geti hlotist af. Einnig er bannað að hanga í bifreiðum, dráttarvélum, vögnum eða öðrum farartækjum sem eru á ferð eða festa við þau sleða, handvagn eða annað sem óþægindum eða hættu getur valdið. Bæjarráð getur heimilað skíða-, sleða-, eða rennibrautir á alfaravegi og skulu þeir vegir sérstaklega merktir sem leik- eða sleðagötur. Þar mega ekki aðrir fara með ökutæki en íbúar gatnanna eða menn í erindum þeirra og skal þá ítrustu varúðar og tillitssemi gætt.

## 9. gr.

2. mgr. 30. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má hver sem er selja, en áskilið er að sótt sé um leyfi bæjaryfirvalda ef ætlunin er að vera með aðra farandsölu á almannaferi samkvæmt reglum um farandsölu í Sveitarfélaginu Hornafirði, samþykktum í bæjarstjórn Hornafjarðar 12. desember 2002. Um rekstur söluvagna gilda reglur um söluvagna í Hornafirði, samþykktar í bæjarráði Hornafjarðar 23. apríl 1996.

## 10. gr.

Við 31. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00-03.00. Þó getur bæjarráð ákveðið annan afgreiðslutíma til lengingar eða styttingar, ef sérstaklega stendur á. Á gististöðum má þó selja ferðamönnum veitingar á hvaða tíma sólarhrings sem er.

## 11. gr.

1. mgr. 34. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Um útivistartíma barna og unglunga gildir 92. gr. barnaverndarlaga. Unglingum yngri en 16 ára er óheimill aðgangur og dvöl á almennum dansleikjum eftir kl. 20.00, nema sérstökum unglingskemmtunum, sem haldnar eru af skólum, æskulýðsfélögum eða öðrum aðilum, sem til þess hafa leyfi og háðar eru sérstöku eftirliti. Ungmönnum yngri en 18 ára er óheimil dvöl eftir kl. 20.00 á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru leyfðar, nema í fylgd með foreldrum sínum eða maka. Forstöðumönnum danshúsa og dansleikja er skylt að fylgjast með því, að ákvæði þessi séu haldin að viðlögðum sektum og/eða missi leyfis til veitingahalds eða skemmtanahalds um lengri eða skemmri tíma.

## 12. gr.

3. másl. 35. gr. samþykktarinnar orðast svo: Börnum yngri en 18 ára er óheimill aðgangur að söfnunarkössum.

13. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hornafjarðar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, frá 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. mars 2006.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_ *Hólmsteinn Gauti Sigurðsson.*

\_\_\_\_\_   
B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2006